



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10


150 REYKJAVÍK

Reykjavík 2. desember 2004

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 60/1994 um váttryggingarstarfsemi, 211. mál.

Frumvarpið varðar annars vegar fjármálasamsteypur og hins vegar slit lánastofnana. Hvort tveggja varðar innleiðingu tilskipana sem Íslandi er skylt að taka upp á grundvelli EES-samnings. Varðandi fjármálasamsteypur kemur fram í greinargerð að engin íslensk fjármálafyrirtæki falli undir tilskipunina nú. Samtök atvinnulífsins gera ekki sjálfstæða athugasemd við umrætt frumvarp, en vísa til umsagnar Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja dags. 27. nóvember sl. þar sem fram kemur stuðningur við að umrætt frumvarp verði að lögum að því tilskildu að tvær breytingar verði gerðar til skýringar á ákvæðum þess.

Virðingarfyllst,


Hannes G. Sigurðsson